

## Fundargerð

**Stjórnarfundur Félagsbústaða nr. 17/2019 haldinn fimmtudaginn  
2. maí 2019 kl. 16:00 í fundarsal félagsins að Hallveigarstíg 1**

**Fundarmenn:** Haraldur Flosi Tryggvason, Laufey Ólafsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir og Sigrún Árnadóttir sem fundargerð.

**1. Fundargerð 16/2019 lögð fram.**

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

**2. Rekstraryfirlit og fjárhagur.**

Lögð var fram skýrsla um rekstur fyrsta ársfjórðungs, stöðu veittra stofnframlaga og stofnframlagsumsókna, lántökur og skuldabréfaútgáfu auk þess sem lagður er fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2019 og ábending til stjórnar frá áhættunefnd.

Stjórn samþykkti viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2019. Ábending áhættunefndar til stjórnar var rædd og samþykkt að hún skyldi send borgarstjóra til kynningar.

**3. Skýrsla um starfsemina.**

Lögð var fram skýrsla um fasteignakaup frá áramótum, kaupréttarsamninga, viðhald og framkvæmdir, leigumál og innri mál. Þá kom fram að þrjár íbúðir verða væntanlega seldar á næstunni þar á meðal lítið einbýlishús.

Lagt fram til kynningar.

**5. Innheimtumál: samkomulag við Motus.**

Fulltrúar frá Motus komu til fundar undir þessum lið. Fyrir fundinum lá samantekt um innihald þjónustusamnings milli Félagsbústaða og Motus. Fulltrúar Motus fóru yfir upphaf og þróun samstarfsins, kynntu verkferla við innheimtu.

Málið var rætt.

**6. Stjórnskipulag Félagabústaða**

Fulltrúar frá RR Ráðgjöf komu til fundar undir þessum lið. Kynntu þeir úttekt og tillögur sem þeim var falið að vinna á stjórnskipulagi Félagsbústaða.

Stjórnin lýsti ánægju með vinnuna og fól framkvæmdastjóra að taka ákvörðun um skipurit fyrir starfsemina.

**6. Stefnumál: Þjónustustefna**

Lögð voru fram drög að þjónustustefnu sem unnin var í samráði við starfsfólk skrifstofunnar. Þjónustustefnan var samþykkt.

**7. Undirbúningur fyrir aðalfund**

Farið var yfir dagskrá aðalfundar og tímasetningu aðalfundar.



### 8. Fyrirspurnir frá Borgarráði: Dýrahald

Fyrir fundinum lá greinargerð vegna tillögu Flokks fólksins um að katta- og hundahald verði heimilað í fjölbýlishúsum Félagsbústaða.

Stjórn samþykkti að leyfa hunda- og kattahald samkvæmt almennum reglum og samþykktum íbúa.

### 9. Fundargerð áhættunefndar

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.00

Haraldur Fíosi Tryggvason

Laufey Ólafsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sigrún Árnadóttir